

# Skólaráð Naustaskóla

Fundur 23. janúar 2020

Mættir: Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Arna Ýr Guðmundasóttir, Íris Berglind Jónasdóttir (varamaður Særuinar), Erla Hrund Friðfinnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Rósa Halldórsdóttir, Rósa María Rúnarsdóttir.

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Staða list – og verkgreinakennslu í skólanum

Farið yfir verk og listgreinakennslu í skólanum. Allir nemendur skólans fá verk – og listgreinakennslu í skipulögðum tímum hjá verk- og listgreinakennurum. Á yngsta stigi (1. -3. bekkur) Er kenndur dans og leiklist, tónmennt og myndmennt 23x40 mínútur á viku. Auk þess sem þau taka þátt í Söngvaflóði 1x 40 mínútur á viku. Því miður var ekki hægt að kenna þessum aldurshóp heimilisfræði vegna þess hversu heimilisfræðistofan er ásetin. Á miðstigi (4. – 7. bekk) eru kenndar smíðar, textílmennt, heimilisfræði, og myndmennt. Nemendur í 8. -9. Og 10. Bekk fá verk – og listgreinar kenndar í smíðjum 2x40 mín í senn. Fundarmenn voru sáttir við þetta skipulag en töldu að gera þyrfti verk – listgreinum hærra undir höfði í skólastarfi. M.a. með því að tryggja að þess verði gætt að hafa afleysingu fyrir sérgreinakennara þegar þeir forfallast.

### 2. Endurmenntunaráætlun Naustaskóla skólaárið 2020 - 2021

Endurmenntunar/starfsþróunaráætlun kynnt fyrir fulltrúum skólaráðs en búið er að senda áætlunina til kennara og starfsfólks og kynna og ræða á kennarafundi. Áherslur verða áfram á teymiskennslu og jákvæðan aga, að auka sjálfstæði nemenda í námi með fjölbreyttum kennsluáðferðum. Megináhersla verður lögð á Læsi og er ætlunin að vinna að þróunarverkefni á mið- og unglíngastigi með MSHA. Ásamt aukinni fræðslu og kennsluáðferðir og áherslur til að auka á læsi og lesskilning.

### 3. Skóladagatal 2020 - 2021

Skóladagatal næsta skólaárs kynnt – farið yfir dagsetningar á skólasetningu og skólaslitum.

Dagsetningar starfsdaga kynntir og uppbrotisdagar ræddir. Engar athugasemdir komu frá fulltrúum skólaráðs – skóladagatalið telst því samþykkt í skólaráði.

### 4. Önnur mál

Rætt um möppuskil – nokkrar breytingar eru á möppuskilum í skólanum. Bæði eru þau í rafrænu formi og einnig eru sendar möppur heim þrisvar yfir skólaárið með völdum verkefnum oftast í tengslum við viðtalsdaga. Möppuskilin eru liður í námsmati skólans. Foreldrar í skólaráði telja það mjög mikilvægt að fá að sjá vinnu barna sinna koma heim og finnst börnin mjög áhugasöm að sína vinnu sína heima. Góð reynsla af rafrænum möppuskilum er að gefa góða raun og voru foreldrar ánægðir með þá nýbreytni. Kennarar í unglíngadeild þurfa að kynna betur hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum Google Classroom.

Næsti fundur ákveðinn 20. febrúar kl. 15:00.

Bryndís Björnsdóttir ritaði fundargerð